

tölulega yfirlitið um launakostnað á dskj. nr. 17 og að endingu framburður stefnanda hér fyrir dóminum, þar sem hún að sumu leyti viðurkennir, að af hálfu stefndu hafi verið fundið að við hana út af fjármálastjórn hennar, þá telur dómurinn, að hin umstefndu ummæli, sem sett eru fram af gefnu tilefni, hafi verið nægilega réttlætt, eins og mál þetta er vaxið.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Sigurðsson, Páll Kolbeins, Magnús Kristinson, Vilhjálmur Árnason og Guðrún Sigurðardóttir, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Katrínar Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 58/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Eigi leysir það ákærða undan sök, þótt vera kunnir, að öku- maður bifreiðarinnar R 1878 hafi ekki sýnt fyllstu gát í akstri sínum.

Brot ákærða varðar refsingu samkvæmt 80. gr. laga nr.

40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðbrandur Friðrik Steinþórsson, greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 155/1978: Ákærvaldið gegn Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 15. ágúst 1977, á hendur ákærða, Guðbrandi Friðrik Steinþórssyni verkfræðingi, Búðargerði 9 í Reykjavík, fæddum 15. júní 1943 á Vestra-Skagnesi, Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, „fyrir brot samkvæmt 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, með því að hafa mánudag 14. mars 1977, er hann ók bifreið sinni R 46408 vestur Breiðagerði í Reykjavík inn á Grensásveg við biðskyldumerki, þannig að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni R 1878, sem ekið var norður Grensásveg.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 14. mars 1977, um kl. 2030, varð árekstur á mótum Grensásvegur og Breiðagerðis hér í borg milli bifreiðanna

R 46408, sem ákærði í máli þessu ók, og R 1878, sem Signý Þorbjörg Sigurðardóttir, Blikanesi 31, Garðabæ, ók. Ók ákærði vestur Breiðagerði og ætlaði til vinstri suður Grensásveg, en bifreiðinni R 1878 var ekið eftir hægri akrein norður Grensásveg. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar skýrði ákærði svo frá á árekstursstað, að hann hefði dregið úr hraða við biðskyldumerki, sem þarna er á Breiðagerði, og hugað að umferð. Þar sem hann hafi ekki séð til ferða ökutækja, hafi hann ekið af stað inn á gatnamótin, en þá komið auga á hina bifreiðina og stöðvað. Hafi hann reynt að aka bifreið sinni aftur á bak, en ekki tekist.

Samkvæmt lögregluskýrslunni skýrði ökukona bifreiðarinnar R 1878 frá því á árekstursstað, að þegar hún hafi komið að Breiðagerði, hafi hún séð, hvar bifreiðinni R 46408 var ekið áleiðis inn á gatnamótin. Hún hafi þá hemlað, en það ekki nægt og því árekstur orðið. Hún kvaðst ekki hafa vitað af umferð á vinstri akrein.

Purrt var, þegar árekstur þessi varð, en þarna er malbikuð gata. Myrkur var, en lýsing góð. Tjón á ökutækjum varð lítið samkvæmt lögregluskýrslu. Samkvæmt uppdætti Kristbjörns Guðlaugssonar lögregluþjóns af vettvangi árekstursins var bifreið ákærða komin aðeins inn á hægri akrein Grensásvegar, þegar áreksturinn varð. Á uppdættinum sjást og nokkur hemlafir eftir bifreiðina R 1878.

Ákærði kom fyrir hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar hinn 14. júní 1977, og var honum þar kynnt lögregluskýrsla og sýndur uppdráttur henni meðfylgjandi. Taldi hann uppdráttinn í stórum dráttum réttan, en óskaði eftir því að fá að sjá mál þau, er fyrir lægju um hann, eins og þau voru gerð á staðnum. Þá kvað hann rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu.

Ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa 5. júlí 1977, þar sem honum var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því. Hann kvaðst ekki telja sig hafa gerst brotlegan við umferðarlög greint sinn, þar sem hann hafi hugað að umferð eftir Grensásvegi, eins og kostur var, áður en hann ók inn á götuna. Hann hafi ekið af stað, þar sem hann hefði ekki séð til neinnar nálægrar umferðar og því talið það hættulaust. Hafi hann verið búinn að aka aðeins inn á Grensásveg, þegar hann sá ljós bifreiðar mótaðilja síns, en þá kveðst hann þegar hafa numið staðar, enda verið á lítilli ferð. Hafi hann ætlað að aka aftur á bak, en ekki unnist tími til þess, áður en áreksturinn varð. Ákærði hefur í vörn sinni lagt áherslu á, að afstöðuteikning lög-

reglu sé ómálsett og geti því ekki talist hafa neitt sönnunargildi. Hljóti hún fyrst og fremst að skoðast sem gróf afstöðu-teikning.

Signý Þorbjörg Sigurðardóttir, sem áður er nefnd og ók bifreiðinni R 1878 greint sinn, kom fyrir hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar 15. júní 1977. Kvað hún vettvangsuppdrátt lögreglu réttan og rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Hún kvað bifreið ákærða hafa verið kyrrstæða, þegar áreksturinn varð, en hún hafi hemlað, um leið og henni var ljóst, að bifreið hans yrði ekið inn á götuna í veg fyrir hana. Ekki reyndist unnt að taka skýrslu af Signý Þorbjörgu fyrir dómi vegna dvalar hennar erlendis.

Friðrik Gunnar Gunnarsson lögregluþjónn, Borgarholtsbraut 53 í Kópavogi, gerði skýrslu um umræddan árekstur, og hefur hann staðfest hana fyrir dómi. Vitnið taldi og, að uppdráttur sá, er fylgir skýrslunni, væri réttur, þó það geti ekki fullyrt nákvæmlega um stöðu bifreiðanna. Það kvaðst þó muna, að framendi á bifreið ákærða var kominn inn á Grensásveginn í veg fyrir hina bifreiðina, en vitnið kvaðst hafa athugað þetta sérstaklega. Það kvað uppdrætti af árekstursstað ekki vera málsetta, en mælikvarði sé jafnan gefinn upp.

Kristbjörn Guðlaugsson lögregluþjónn, Hjallabraut 37, Hafnarfirði, gerði, sem fyrr segir, vettvangsuppdrátt og hefur staðfest hann fyrir dómi. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir árekstri þessum og gat ekkert sagt um framburði ökumanna á staðnum, enda hafi hinn lögreglumaðurinn rætt við þá. Vitnið kvað það ekki venju að setja málsetningar inn á vettvangsuppdrætti, en þeir séu gerðir almennt í mælikvarða 1:200 og sé hægt að mæla afstöðu bifreiða eftir því. Á gatnamótum sem þessum sé ætíð mælt út frá gangstéttarbrún.

Niðurstaða.

Vettvangsuppdráttur meðfylgjandi lögregluskýrslu sýnir, að ákærði hefur ekið aðeins inn á Grensásveg af Breiðagerði og þannig skorið akstursleið bifreiðarinnar R 1878, sem ekið var norður Grensásveg. Þetta er stutt framburði ökumanns bifreiðarinnar R 1878 hjá lögreglu, framburði Friðriks Gunnars Gunnarssonar fyrir dómi svo og eigin framburði ákærða fyrir dómi, þar sem hann hefur sagt, að hann hafi ekið inn á gatnamótin. Biðskyldumerki er á Breiðagerði við Grensásveg. Með hliðsjón af framansögðu verður að telja sannað, að ákærði hafi ekki sýnt hér þá varúð, sem honum bar, og hafi hann með akstri sínum orðið valdur að umræddum árekstri. Varðar brot hans við 1.

mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hefur ekki áður sætt kærnum og refsingum, sem hér skipta máli.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 15.000, og komi varðhald í 3 daga í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Friðrik Steinþórsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 12. október 1979.

Nr. 183/1979. **Ákærvaldið**

gegn

Eyjólfi Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildri felldur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, upp-
kveðnum 6. september 1979, var varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Úrskurði þessum var skot-